

Jórunn Alda Guðmundsdóttir



Ég er fædd og uppalin í Keflavík. Með próf frá Fósturskóla Íslands / fjarnámi 1995. Leikskólustjóri í leikskólanum Sólborg í Sandgerði 1984 – 2009, en þá hætti ég störfum. Ég er gift Ólafi Garðari Gunnlaugssyni og eigum við 4 börn. Hef búið í Sandgerði (Suðurnesjabæ) í tæp 60 ár. Eftir að ég hætti störfum hef ég haft nóg að gera, notið lífsins með fjölskyldu og vinum, starfaði í Félagi eldri borgara á Suðurnesjum og í stjórn Öldungaráðs Suðurnesja. Núna er ég í stjórn Öldungaráðs Suðurnesjabæjar, félagi í Lionsklúbbnum Æsa, Njarðvík og félagi í U3A Suðurnes (Háskóla 3ja æviskeiðsins).

Vinur Múlakots

Endur fyrir löngu var ég á ferð um Fljótshlíðina í vinahóp, þá heimsóttum við Múlakot, Sigríður Hjartar sýndi okkur garðinn og nýrri hluta Múlakots, en ekki var farið í elsta hlutann, en þá var ekki talið óhætt að sýna hann.

Þarna gerðist ég vinur Múlakots, fann að ég hafði komið þarna áður og frásögn Sigríðar af garði og húsi vakti hrifningu í hópnum. Ég minntist einnig frásögn móður minnar Sigurðínu I. Jórarnsdóttur, frá sumarferð hennar og föður míns Guðmundar J. Magnússonar, þegar þau í dagsferð komu í Múlakot með systir mömmu, Jenný og manni hennar Ragnari Jóni. En garðurinn hennar Guðbjargar Þorleifsdóttur, var þeim minnisstæður, ásamt góðum móttökum.

Þabbi átti aldrei bíl eða tók bílpróf, hann fór um allan bæ á hjóli, en það aftraði ekki foreldrum mínum frá því að ferðast. Í hugann kemur bílferð árið 1948, sem ég og yngri systir mín Guðrún fengum að upplifa, en þabbi hafði fengið kunningja sinn til að fara með hann og mömmu upp í sveit, en þau mamma voru að fara í nokkra daga frí með tjald og viðlegubúnað. Fyrir okkur systurnar var bílferðin ævintýri, en undarlegt var að skilja þau eftir úti í sveit, vorum þó fullvissáðar um að þau yrðu sótt, eftir nokkra daga. Í dag finn ég hvað þetta hefur verið frábært hjá þeim, að taka sér slíkt frí, frá daglegu amstri, einu sinni á sumri og geta notið þess að vera ein í fallettu rjóðri, við lítinn læk.

Nú í sumar fórum við hjónin aftur í heimsókn í Múlakot, höfum fylgst með framkvæmdum í tölvunni okkar af reglulegum frásögnum Sigríðar í máli og myndum. Í

Múlakoti var fallett veður, hætt að rigna og logn, nutum þess að ganga um garðinn með Sigríði og fá leiðsögn, heyra um tré sem áttu sér langa sögu og skoða blóm sem mörg hver voru enn í blóma. Síðan var haldið í bæinn og framkvæmdir í elsta hluta bæjarins skoðaðar, þar sem margt fallett hefur komið í ljós þegar vel var að gáð, í nýrri hlutanum er mikið verk óunnið og bíður síns tíma. Það er notalegt að vera vinur Múlakots og sjá húsið, smátt og smátt fá fyrri reisin, svo ekki sé talað um garðinn hennar Guðbjargar, sem er vel við haldið af staðarhöldurum.

Við þökkum góðar móttökur og indæla samveru þennan dag.

Jórunn Alda Guðmundsdóttir / Ólafur Garðar Gunnlaugsson.